



Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8–10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 17. febrúar 2006

**Efni:** umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál, heildarlög.

Orðabók Háskólans hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið h.f. og óskað er eftir álitum stofnunarinnar á því. Aðeins tvær greinar snerta verksvið stofnunarinnar og verður því aðeins fjallað um þær.

## **II. kafli**

### **3. grein:**

1. liður: Orðabók Háskólans telur afar mikilvægt að rækt við íslenska tungu sé tryggð í útvarpslöggum og fagnar því þessum lið og því vægi sem hún telur felast í því að telja rækt við tunguna upp sem fyrsta lið í grein um útvarpsþjónustu í almannabágu.


3. liður: „Efnið skal fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni” verði: Efnið skal fullnægja fyllstu kröfum almennings um gæði og fjölbreytni. Ríkisútvarp á að vera í farabroddi hvað gæði og fjölbreytni varðar, „eðlilegar kröfur” er því of veikt orðalag.

6. liður: „fjölbreytt efni við hæfi barna” verði: fjölbreytt og vandað efni við hæfi barna. Ekki nægir að efnið sé fjölbreytt ef ekki er vandað til valsins og þess málfars sem börnum býðst í útvarpi en einkum sjónvarpi.

## 6. grein:

Þessi grein er afar mikilvæg og brýnt að í greinargerð með frumvarpinu komi fram að ekki sé heimilt að bregða út af því að erlendu efni fylgi íslenskt tal eða texti, aðeins að geðþótta. Minnt skal á talsverðar umræður í fjölmiðlum um beinar útsendingar á knattspyrnuleikjum og hvort nægja ætti að láta leiklýsinguna hljóma á ensku.

Virðingarfyllst,



Guðrún Kvaran  
forstöðumaður